

Nefndasvið Alþingis  
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Reykjavík, 6. október 2022

**Efni: Umsögn SI um frumvarp um breytingu á skipulagslögum, nr. 123/2010 (uppbygging innviða), 144. mál**

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „**samtökin**“) hafa tekið til umsagnar frumvarp um breytingu á skipulagslögum, nr. 123/2010 (uppbygging innviða), 144. mál. Líkt og í fyrri umsögn SI um sama mál, sbr. umsögn dags. 2. júní sl., vilja samtökin koma enn og aftur á framfæri óánægju með vinnubrögð með útsendingu umsagnarbeiðna fyrir umrætt mál. Samtökin skiluðu inn umsögnum og athugasemdum við vinnslu umrædds frumvarps frá upphafi, og fjallað er m.a. um í fyrirbyggjandi frumvarpi, og eru því, enn á ný, verulega undrandi á því að hafa ekki verið gert viðvart með formlegum hætti að umrætt mál er nú aftur til umræðu og umsagnar á þinginu.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum við frumvarpið er það endurflutt, og nú í þriðja skipti, en SI skiluðu inn umsögnum þann 2. desember 2020 og 2. júní sl., um fyrri frumvörp til breytinga á skipulagslögum, sem lögð voru fram á 151. og 152. löggjafarþingum. Samtökin geta því miður ekki séð merki þess í fyrirbyggjandi frumvarpi að komið hafi verið til móts við athugasemdir samtakanna.

Að teknu tilliti til framanritaðs og þeirra smávægilegu breytinga sem gerðar hafa verið á framlögðu frumvarpi eru efnistösk fyrri umsagna SI hér með ítrekaðar ([umsögn frá 151. þingi](#) / [umsögn frá 152. þingi](#)).

Að öðru leyti eru ekki gerðar frekari athugasemdir við fyrirbyggjandi frumvarp til laga. Samtökin áskilja sér þó rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum og lýsa sig um leið reiðubúin til að funda um efnið sé þess óskað af hálfu nefndarinnar.

Virðingarfyllst,



---

Lárus M. K. Ólafsson,  
sérfræðingur á sviði umhverfis- og orkumála